



Alþingi
Erindi nr. Þ 132/479
komudagur 8.12.2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 6. desember 2005.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga um gjaldfrjálsan leikskóla, 26. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga um gjaldfrjálsan leikskóla, 26. mál.

Markmið með tillögunni er að gera leikskóladvöl gjaldfrjálsa í áföngum.

Alþýðusamband Íslands hefur þegar sett fram tillögur á þessu sviði (sjá nánar Greinargerð vinnuhóps um fátækt, bls. 46-56 í skýrslunni *Velferð fyrir alla* sem hægt er að nálgast á vef ASI <http://www.asi.is>). Í þeim tillögum kemur m.a. eftirfarandi fram:

Til að koma til móts við börn tekjuminni foreldra og til að koma í veg fyrir stéttaskiptingu meðal barna er mikilvægt að sveitarfélög dragi umtalsvert úr gjaldtöku vegna skólagöngu ... Einnig þurfa sveitarfélög að gera börnum kleift að stunda íþróttir og æskulýðsstörf án tillits til efnahags foreldra. Til að koma til móts við kostnað fjölskyldna í dreifbýli af því að senda börn í framhaldsskóla er mikilvægt að hækka styrki til jöfnunar á námskostnaði ...

Alþýðusamband Íslands tekur undir að stefna ber að því að gera leikskóladvöl gjaldfrjálsa í áföngum og mælir því með því að sú tillaga sem hér er til umsagnar verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Stefán Úlfarsson

Hagdeild ASI

Alþingi
Erindi nr. P 132/285
komudagur 30.11. 32/285



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík


Reykjavík, 28. nóvember 2005

Efni: Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um gjaldfrjálsan leikskóla, 26. mál

BSRB hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um gjaldfrjálsan leikskóla, 26. mál, þskj., 26.

BSRB styður tillöguna og mælir með samþykkt hennar.

f.h. BSRB


Svanhildur Halldórsdóttir

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/503
komudagur 12.12.2005



BARNAVERNDARSTOFA

Alþingi, nefndasvið
Selma Hafliðadóttir,
f.h. félagsmálanefndar
Þórshamri v/Templarasund
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 08. desember 2005


Tilvísun : 2005110038

Vísað er til bréfs dags. 22 nóvember 2005 þar sem óskað er umsagnar Barnaverndarstofu um tillögu til þingsályktunar um gjaldfrjálsan leikskóla, 26. mál.

Barnaverndarstofa hefur fyrst og fremst hlutverki að gegna samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga nr. 80/2002, þ.e. í barnaverndarmálum eins og þau eru skilgreind í þessum lögum. Almennt má segja að til afskipta barnaverndaryfirvalda geti komið þegar grunur leikur á að aðbúnaður barna sé óviðunandi og foreldrar ráði ekki við foreldrahlutverk sitt. Í þessu ljósi telur Barnaverndarstofa mjög mikilvægt að samfélagið hugi vel að almennri grunnþjónustu við öll börn sem tryggi velferð þeirra og styrki foreldra í uppeldishlutverkinu um leið. Barnaverndarstofa telur leikskóla almennt mjög mikilvægan fyrir öll börn vegna þess þroskandi starfs sem þar fer fram og undirbúnings undir frekara skólastarf. Stofan myndi vilja sjá umræðu um rétt barna til leikskólamenntunar frekar en rétt foreldra til aðgangs að leikskóla. Réttur barns til leikskólamenntunar leiðir hugann að leikskólaskyldu að einhverju marki og um leið gjaldfrjálsu leikskóla. Barnaverndarstofa telur heppilegt að fram fari frekari stefnumarkandi umræða að þessu leyti með forgöngu menntamálaráðuneytis í samstarfi við félagsmálaráðuneyti.

Virðingarfyllt
f.h. Barnaverndarstofu


Hrefna Friðriksdóttir



FÉLAG LEIKSKÓLAKENNARA
Laufásvegi 81 · IS-101 Reykjavík · Sími 595 1111 · Fax 595 1112
fl@ki.is · www.ki.is

Alþingi
Erindi nr. P 132/286
komudagur 30.11.2005

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 25. nóvember 2005.


Umsögn Félags leikskólakennara um tillögu til þingsályktunar um samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga um gjaldfrjálsan leikskóla

132. löggjafarþing 2005–2006. Þskj. 26 – 26. mál.

Félag leikskólakennara fagnar ályktuninni og lýsir sig sammála henni. Það er stefnumál Félags leikskólakennara og Kennarasambands Íslands að skólagjöld í leikskólum verði afnumin. Öll skref sem stigin eru í þessa átt eru því að mati Kennarasamtakanna spor í framfaraátt.

Virðingarfyllst,

f.h. Félags leikskólakennara


Björg Bjarnadóttir formaður



Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1181
komudagur 7.3.2006



Alþingi Íslendinga
Selma Hafliðadóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík
sími: 545 8100 bréfasími: 552 4804
netfang: postur@fel.stjr.is
www.felagsmalaraduneyti.is

Reykjavík 6. mars 2006
Tilv.: FEL05110056/0004

Vísað er til bréfs félagsmálanefndar Alþingis, dags. 22. nóvember 2005, þar sem óskað er umsagnar félagsmálaráðuneytis um tillögu til þingsályktunar um gjaldfrjálsan leikskóla, 26. mál.

Tillagan felur í sér að Alþingi feli félagsmálaráðherra að skipa nefnd sem fái það verkefni að undirbúa og annast viðræður við sveitarfélögin um sameiginlegt átak þeirra og ríkisins um að gera leikskóladvöl gjaldfrjálsa í áföngum. Ráðuneytið vísar til umsagnar þess um samskonar tillögu til þingsályktunar, dags. 27. október 2003. Í umsögninni er bent á að málefni leikskóla eru verkefni menntamálaráðuneytis, sbr. 3. gr. laga um leikskóla, nr. 78/1994, og því telur ráðuneytið rétt að forræði samstarfsverkefnis um gjaldfrjálsan leikskóla verði falið menntamálaráðuneytinu verði þingsályktunartillagan samþykkt.

Ráðuneytið bendir jafnframt á að tillaga um gjaldfrjálsan leikskóla felur í sér veruleg fjárhagsleg áhrif fyrir sveitarfélögin. Fjárhagsleg staða sveitarfélaga og aðstaða þeirra til tekjuöflunar er mjög mismunandi og ljóst er að fjárhagslegt svigrúm til að veita gjaldfrjálsa leikskóladvöl er ekki fyrir hendi hjá öllum sveitarfélögum nema til komi nýir tekjustofnar og/eða tekjutilfærslur frá ríkissjóði.

Fyrir hönd ráðherra

Guðjón Bragason

Lárus Bollason

Reykjavík 10. janúar 2006


Alþingi
Erindi nr. P 132/581
komudagur 11.1.2006



Með bréfi, dags. 22. nóvember 2005, óskaði félagsmálanefnd Alþingis eftir umsögn fjölskylduráðs um tillögu til þingályktunar um gjaldfrjálsa leikskóla, þskj. 26 — 26. mál. Með tölvubréfi ritara félagsmálanefndar, dags. 12. desember sama ár, var ráðinu veittur frestur fram í janúar 2006.

Fjölskylduráð lýsir sig almennt hlynnt þeirri tillögu að Alþingi álykti að fela ráðherra að skipa nefnd sem fái það verkefni að undirbúa og annast viðræður við sveitarfélögin um sameiginlegt átak þeirra og ríkisins um að gera leikskóladvöl gjaldfrjálsa í áföngum.

Það er skoðun ráðsins að niðurfelling leikskólagjalda yrði ótvírætt mikil kjarabót fyrir fjölskyldur með ung börn.

Fyrir hönd fjölskylduráðs

Björg Kjartansdóttir, starfsmaður ráðsins

Alþingi
Erindi nr. P 132/424
komudagur 2.12.2005



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóvember 2005

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar þskj. 26 – 26. mál um
samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga um gjaldfrjálsan leikskóla**

Heimili og skóli telur að huga verði að málefnum fjölskyldunnar á breiðari grundvelli en þetta frumvarp gerir ráð fyrir. Samtökin telja að ríki og sveitarfélög beri að marka sér sem fyrst heildstæða fjölskyldustefnu þar sem hugað er að því að gera Ísland að fjölskylduvænna samfélagi en það er nú og tryggja jafnan aðgang allra fjölskyldna að þjónustu.

F.h. Heimilis og skóla

Elin Thorarensen

Elín Thorarensen, framkvæmdastjóri.



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

Alþingi
Erindi nr. P 132/423
komudagur 5.12.2005

Nefndasvið Alþingis
Félagsmálanefnd
b/t Selmu Hafliðadóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2005.


Efni: Þingsáttill. um gjaldfrjálsan leikskóla (26. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu. Tillagan felur það í sér að skipuð verði nefnd sem vinna að því að leikskóli verði „gjaldfrjáls“.

Fyrst ber að nefna að leikskólar eru á höndum sveitarfélaga og er þeim frjálst að ákveða sjálfir hvort og þá hve mikið gjald þeir taka fyrir leikskólavist. Auk þess er vandséð hvernig leikskóli getur orðið fullkomlega gjaldfrjáls, enda hlýtur einhver að þurfa að bera þann kostnað sem hlýst af rekstri þeirra. Það sem þessar tillögur ganga í raun út á er að greiðslubyrðinni sé velt af þeim sem nota þjónustuna yfir á þá sem nota hana ekki, þ.e.a.s. útsvarsgreiðendur. Er verulega óréttlátt að almenningur þurfi að greiða hærrí skatta en ella til að greiða fyrir þjónustu tiltekins hóps. eru þessar hugmyndir ekki heldur til þess fallnar að bæta fárhagsstöðu sveitarfélaga.

Viðskiptaráð leggst því gegn því að tillagan verði samþykkt.

Virðingarfyllt,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,


Davíð Þorláksson